

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 179/2003**

**frá 5. desember 2003**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2003 frá 7. nóvember 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/75/EB frá 29. júlí 2003 um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 98/18/EB um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 56f (tilskipun ráðsins 98/18/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **32003 L 0075:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/75/EB frá 29. júlí 2003 (Stjtið. ESB L 190, 30.7.2003, bls. 6).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/75/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 6. desember 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2003.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 41, 12.2.2004, bls. 57 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 7, 12.2.2004, bls. 39.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 190, 30.7.2003, bls. 6.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*Prins Nikulás af Liechtenstein*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn*

*M. Brinkmann*